

Mánudaginn 30. mars 2020, kom Fræðslunefnd Húnavatnshrepps saman til fundar.

Var fundurinn haldinn í gegnum Zoom fjarfundarbúnað.

Fundurinn hófst klukkan 16:15

Mætt voru: Brynjólfur Friðriksson, Erla Gunnarsdóttir, Kristín Rós Sigurðardóttir, Þóra M. Lúthersdóttir, Jóhann Hólmar Ragnarsson, Snædís S. Aðalbjörnsdóttir, Kristín Jóna Sigurðardóttir, Sigríður B. Aadnegard, skólastjóri og Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri

Einar Kristján Jónsson ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning:

- a. Brynjólfur Friðriksson, formaður setti fundinn og lagði fram dagskrá.*

2. Skólastarfið:

- a. Sigríður B. Aadnegard, skólastjóri, greindi frá því að allt skólastarf hefði gjörbreytst frá og með 16. mars síðast liðinn. Í framhaldi af þessum breytingum tóku nokkrir börn sín úr skólanum og setti þau í fjarkennslu. En í dag eru 17 nemendur í skólanum. Skólastjóri fór yfir fyrirkomulag kennslu. Aðeins hefur borið á kvíða hjá nemendum yfir þessu ástandi sem uppi er.*
- b. Skólastjóri greindi frá því að skólastjórnendur í Austur-Húnavatnssýslu ásamt sveitarstjórum, héldu fjarfund 2 sinnum í viku og færu í gegnum skólastarfið.*
- c. Leikskóli er í fullum rekstri, 11 börn hafa verið að mæta að jafnaði í skólann dag hvern.*
- d. Skólastjóri þakkaði starfsmönnum sínum fyrir afar gott starf og gott viðmót vegna þeirra breytinga sem þurfti að gera.*
- e. Fræðslunefnd þakkar skólastjórnendum, kennurum og öðrum fyrir gott starf í þessum breytingum.*

3. Framtíð skólastarfs:

- a. Fræðslunefnd leggur það til við sveitarstjórn Húnavatnshrepps að skólahald í Húnavallaskóla, leik- og grunnskólanum falli niður frá og með 6. apríl næstkomandi og til með 17. apríl næstkomandi. Kennsla hæfist að nýju mánudaginn 20. apríl að öllu óbreyttu. Heimakennsla færi fram dagana 14 til 17 apríl hjá nemendum grunnskóla.*

4. Útboð vegna skólaaksturs:

- a. Sveitarstjóri lagði fram útboðslýsingu vegna skólaaksturs fyrir Húnavallaskóla 2020/2021, 2021/2022 og 2022/2023.
- b. Breytingar voru gerðar á grein 8.2
- c. Breytingar voru gerðar á grein 8.3
- d. Breytingar voru gerðar á grein 8.7
 - i. Útboðslýsing samþykkt með þessum breytingum.

5. Reglur um skólaakstur:

- a. Breytingar voru gerðar á grein 2.1.
 - i. Kristín Rós, fulltrúi E-lista vill að það komi fram að hún sé á þeirri skoðun að foreldrar kæmu í upphafi kennsluviku með börn sín og myndu sækja þau í vikulok í hverri viku.
- b. Breytingar voru gerðar á grein 4.3.
 - i. Reglur um skólaakstur samþykktar með þessum breytingum.

6. Önnur mál:

- a. Ekkert var bókað undir þessum lið.

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 18:20

Sveitarstjóra falið að ganga frá fundargerð, fundargerð undirrituð seinna.

Brynjólfur Friðriksson

Þóra M. Lúthersdóttir

Jóhann Hólmar Ragnarsson

Kristín Rós Sigurðardóttir

Erla Gunnarsdóttir

Kristín Jóna Sigurðardóttir

Sigríður Aadnegard

Einar Kristján Jónsson

Snædís S. Aðalbjörnsdóttir

Mánudagurinn, 30. mars 2020.